

AUGLÝSING um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

1. *Urriðaholt-Norðurhluti, 2. áfangi, deiliskipulag.*

Tillagan gerir ráð fyrir 179-198 íbúðareiningum í blandaðri byggð. Þar af verða um 139-158 íbúðir í fjölbýli, 24 í raðhúsum, 12 í parhúsum og 4 í einbýlishúsum. Leitast er við að skapa fjölbreytni í húsagerðum og lifandi tengsl bygginga og göturýma.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

2. *Mosagata, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*

Svæðið sem breytingin nær til er 1.426 m². Við breytinguna fjölgar íbúðum um 22 úr 79 í 101. Þar af fjölgar fjölbýlisbúðum úr 72 í 89 en sérþýlisbúðum fjölgar úr 7 í 12. Sérþýlisíbúðir voru raðhús en verða parhús, þar af verða 8 neðan götu en 4 ofan götu. Bílastæðum fjölgar úr 170 í 233. Lóðamörk ofan fjölbýlishúsa breytast lítillega og svæðið sem skipulagið nær til stækkar lítillega til norðurs og austurs.

3. *Bæjargata 11-19, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að ákvæði um hæð raðhúsagerðar R3 á lóðinni breytist úr 3 hæðum í 2-3 hæðir.

4. *Urriðaholtsstræti 6-8, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, viðskiptastrætis.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að lóðin minnki úr 5.261 m² í 3.899 m² eða um 1.362 m². Mörk deiliskipulagsins breytast. Bílastæðum á lóðinni fækkar um 12.

5. *Holtsvegur 37 og 39, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að íbúðum í fjölbýlishúsini að Holtsvegi nr. 37 fjöldi um 3 og að Holtsvegi nr. 39 um tvær. Einnig bætist við innregn hæð á báðum húsum þannig að viðmiðunarhæðir verði 6 hæðir í stað 5 að Holtsvegi nr. 37 og 5 hæðir í stað 4 að Holtsvegi nr. 39. Hámarkshæð húss nr. 37 verður 15,5 m í stað 14,5 m og hámarkshæð húss nr. 39 verður 12,5 m í stað 15,5 m. Breytingar verða á fjölda bílastæða á lóð og í bílageymslum á báðum lóðum. Heildarbyggingarmagn á lóðunum er óbreytt.

6. *Kauptún 4, breyting á deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæði í Urriðaholti.*

Breytingin gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðinni Kauptúni 4 um 1.500 m² úr 21.000 m² í 22.500 m² og að lágmarksfjöldi bílastæða fyrir lóðina verði 1:26 í stað 1:25.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. mars 2015.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.